



# Óbreytt verðbólga þriðja mánuðinn í röð

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,53% í júní

Hagstofa Íslands birti júnímælingu vísitölu neysluverðs (VNV) í dag, fimmtudaginn 27. júní. Hækkun vísitölnunnar nú var 0,53% og er ársverðbólgan því óbreytt í 3,3%, og hefur verið það frá því í apríl. Hagfræðideild Landsbankans spáði því að vísitalan myndi hækka um 0,4% milli mánaða.

## Undirliggjandi verðbólga lækkar

Samtímis því að ársbreyting VNV er óbreytt þriðja mánuðinn í röð, hefur Kjarnavísitala 3 lækkað úr 4,4% í 3,7%. Þetta verða að teljast góðar fréttir, en kjarnavísitalan mælir undirliggjandi verðbólguþrýsting án sveiflunkenndra liða.


## Helstu áhrifavaldar á verðlagið í júní

- Reiknuð húsaleiga hækkaði um 0,8% milli mánaða, áhrifin af þeirri hækkun eru 0,11 prósentu hækkun vísitölnunnar.
- Matur og drykkjarvörur hækkuðu um 0,4% á milli mánaða. Þar er væntanlega um að ræða leifar frá veikingu krónunnar frá byrjun maí fram undir miðjan mánuðinn. Krónan veiktist um 5,5% frá 6. maí til 15 júní.
- Bensín og bílar hækkuðu einnig í mánuðinum m.a. vegna veikingar krónunnar á vikunum á undan. Bensín hækkaði um 1,8% og bílar um 1%, saman höfðu þessir liðir 0,15 prósentu áhrif til hækunar VNV.
- Föt og skór hækkuðu um 1,1% í mánuðinum og var sú hækkun óvænt og nokkuð meiri en undanfarin ár.

## Áhrif flugfargjalda til hækunar


Flugfargjöld til útlanda hækkuðu um 11,4% milli mánaða. Áhrifin á VNV í júní voru 0,17 prósentur. Þessi liður hefur í gegnum tíðina sveiflast mjög mikið og verið erfitt að spá fyrir um hann. Ef litið er

Samsetning mánaðarbreytingar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans

Undirliðir verðbólgu



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



framhá flugfargjöldum hækkaði VNV um 0,36% á milli mánaða í júní (sem er nokkuð nærri spám greiningaraðila).

Sveiflur í verðbólgu eru alla jafna til ama fyrir landsmenn, háar fjárhæðir liggja undir í verðtryggðum skuldum og eignum.

Mánaðarhreyfingar flugfargjalda eru oft tilviljunum háðar en einkennast einnig af miklum sveiflum sem hafa á tíðum töluverð áhrif til hækkunar eða lækkunar VNV.

Þrátt fyrir 11% hækkun í júní hafa flugfargjöld til útlanda einungis hækkað um 2% undanfarna 12 mánuði, sem er undir hækkun VNV í heild. Frá byrjun árs 2012 hafa flugfargjöldin mest hækkað um 17% á milli mánaða, en á sama tíma hefur árshækkun þeirra mest farið í 3%.


Þegar mánaðarbreytingar í flugfargjöldum eru bornar saman við breytingar í öðrum „eðlilegri“ liðum sést að frá janúar 2012 hafa mánaðarbreytingar á verði bensíns mest verið 5,9% og aðeins farið yfir 5% markið þrisvar sinnum á því tímabili, en hafa ber í huga að bensínverð telst vera sveiflukenndur liður. Mesta mánaðarbreyting matvæla á tímabilinu er 1,5% en matvæli teljast einnig vera sveiflukenndur liður sem fylgist nokkuð að við þróun í gengi krónunnar. Þó verður að taka fram að matvæli og bensín vega mun meira en flugfargjöld í VNV og hafa því minni breytingar þar meiri áhrif. Í júní voru áhrifin af flugfargjöldum hinsvegar meiri en af bensíni og matvælum til samans.

### Vaxtaákvörðun


Samkvæmt fundargerð peningastefnunnar vegna vaxtaákvörðunarinnar 12. júní sem var birt í vikunni voru allir nefndarmenn sammála um að halda vöxtum bankans óbreyttum.

Einnig kom fram sú skoðun nefndarmanna að stefnan um viðskipti Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði sem nefndin markaði á seinasta fundi hefði stuðlað að auknum stöðugleika krónunnar, sem væri til þess fallin að veita verðbólguvæntingum betri kjölfestu.


Verðbólguarkmið plús, sem þýðir að Seðlabankinn beiti fleiri stýritækjum en vöxtum til að hafa áhrif á verðbólgu, virðist því vera að festast enn betur í sessi.



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Seðlabanki Íslands



### ***Þróun næstu mánaða***

Tölurnar hafa ekki mikil áhrif á bráðabirgðaspá Hagfræðideildar til næstu mánaða en hún gerir ráð fyrir að VNV lækki um 0,6% í júlí, vegna útsöluáhrifa sem gætir í fötum og skófatnaði, hækki um 0,2% í ágúst og 0,5% í september þegar útsöluáhrifin ganga að fullu til baka. Gangi spáin eftir mun ársverðbólgan verða ögn hærri en við spáðum síðast eða 3,6% í september.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.